Kræfir krakkar

Skrímslið í Skóginum

Þórey Mjallhvít H. Ómarsdóttir

Ísold

Ísold er mjög ákveðin og segir alltaf það sem henni finnst. Hún er líka hugrökk og þorir að gera margt sem aðrir þora ekki.

Þór

Þór er rólegur strákur og vill helst að allir hafi það gott og séu vinir. Hann er líka úrræðagóður og snjall.

Steina

Steina er hugmyndarík og sjálfstæð. Hún er pínu eigingjörn og svo þolir hún ekki þegar Ísold skipar henni fyrir.

Gulli

Gulli er forvitinn og mjög hvatvís. Hann lendir því oft í vandræðum en er samt yfirleitt í góðu skapi.

Gulli, Ísold, Steina og Þór eru skólafélagar sem finnst gaman að fara í hlutverkaleik í frímínútum en stundum breytast leikir þeirra í alvöru ævintýri – eða hvað?

Skoðaðu fyrstu blaðsíðuna í bókinni og reyndu að ímynda þér hvað muni gerast næst!

Kræfir krakkar - Skrímslið í skóginum

ISNB: 978-9979-0-2445-3

© 2020 Þórey Mjallhvít H. Ómarsdóttir

Ritstjóri: Elín Lilja Jónasdóttir
Málfarslestur: Ingólfur Steinsson

Öll réttindi áskilin
1. útgáfa 2020
Menntamálastofnun
Kópavogi

Hönnun og umbrot: Þórey Mjallhvít H. Ómarsdóttir
Prentvinnsla: Ísafoldarprentsmiðja ehf – umhverfisvottuð prentsmiðja

* Mold getur verið súr eða basísk. Súr mold er með hátt ph-gildi en basísk mold er með lágt ph-gildi.

* Japanskir launmorðingar og stríðsmenn til forna voru kallaðir ninjur. Orðið ninja þýðir „sá sem læðist".

Heyrðu, ég ræð ekki alltaf, Steina! Þú fékkst að ráða síðast! Ertu strax búin að gleyma?
Ekki satt! Ég leik bara við einhvern annan ef við förum ekki í galdraleik.
Sko ...
Steina, það má ekki hóta.
Stelpur ...
Ég er ekki að hóta þér Ísold, bara segja hvað ég ætla að gera.
STELPUR! HLUSTIÐ!
Það er að hóta!
Vá, þór. Ertu eitthvað stressaður?
Já, af hverju ertu að öskra?
Steina, vertu norn!
HVAÐ?
Og Ísold, vertu riddari!

* Föruneyti merkir fylgdarlið, hópur sem er samferða.

Fylgið mér!
Nei, mér!
GURG
Heyrið þið þetta?
Ekki ryðjast!
Ég er með galdrasprota.
Ég get höggvið hausinn af skrímslinu.
En ÉG get breytt hausnum í gúrku!
GURG

GURG

* Gullbjöllur kallast líka asparglyttur. Skordýr sem éta alls ekki fólk en lifa á laufblöðum.

Felum okkur á bak við hólinn.
Eeekkiiii ffllýýýjjaaa... Éégggg eer.
Þetta er húfan hans GULLA!
Bjallan hefur ÉTIÐ hann.
Hvað er hún að segja?

* Skelin á gullbjöllum er ekki úr gulli heldur úr efni sem heitir kítín.

HÆTTU

* Það er ekki hægt að skipta gulli í banka og á Íslandi hefur aldrei fundist mikið af gulli í jörðu.

Siggi sagði að ef ský myndi draga fyrir tunglið þá yrði ég gullbjalla ...
AÐ EILÍFU
Hmmm ... ekki langt í það.
Ó, nei!
Hann sagði líka að ég yrði að finna EXIÐ ef ég vildi verða strákur aftur.

Af hverju er Siggi svona VONDUR?
Hann er ekki vondur. Hann er snillingur.
Við erum í kapphlaupi við tímann! Björgum honum!
Eða förum með hann í bankann!
Skiptum liði og leitum að exinu áður en ský dregur fyrir tungl.
Góð hugmynd.
Öööö, byrjar hún.
Hættu að tuða, Steina og farðu að leita!

Ó nei, greyið Gulli.
Hvað verður af honum ef við finnum ekki exina?
Hún gæti verið hvar sem er.
Á sama tíma.
Alltaf fær Ísold að ráða.
Ekki ætla ég að finna neina exi!

Hmm ...
hvað er þetta?
Þetta dugar!
Á meðan.
Hooooo
Sýndu þig
óvinur!

* Uglur sjá vel í myrkri og veiða mýs á nóttunni. Þær geta snúið höfðinu næstum því heilan hring!


Ég fann ekki exið!
Hvað verður um mig!?
TA DA! EN ÉG fann hana!
Og ég fann þetta.
Stígvél?
EXI?

BAAAA!!! Ég verð gullbjalla að eilífu.
Hvað eruð þið tvö eiginlega að spá? Hann sagði okkur að finna exið, ekki exina!
Ha ... Áttu við þetta?

Ég skil þetta ekki! Við erum búin að finna exið en samt ertu ennþá gullbjalla.
Dísess, eigum við ekki bara að fara í bankann.
Nei, ég er með hugmynd!
Þór, hvað ertu að gera við stígvélið mitt?
Kannski er eitthvað hérna undir.
Við verðum að grafa þar sem EXIÐ er!
Þið eruð klikk ...

Ninjur gefast aldrei upp.
Smjatt ... það er ... kjams ... fljótlegra ... smjatt smjatt að borða ...


ABRAKADABRA!

* Að ganga af göflunum þýðir bókstaflega að ganga fram af þakgafli, það er frekar klikkað!

?
Ó nei!
Óóó, það getur ekki verið!!
Ef strákur breytist í gullbjöllu þegar hann borðar gullbjöllu... verður hann að borða strák til að verða strákur á ný.
Áhugavert ...
Hvað?
Þýðir það að ég þurfi að borða þór?
Já!

Svona, ÉTTU hann þá!
ÓKEI...
HEI!
STOPP!
Það hlýtur að vera nóg að sleikja hann!
Sleikt'ann!
HÉRNA ... Öööö
BÍDDU!
RRRRING
RING
?

*Ef þér finnst gaman að hoppa er frábært að skrá sig í íþrótt þar sem hægt er að hoppa mikið.

Eftir lesturinn!

Spjallið saman og rifjið upp söguna.

- Hvað heita aðalpersónurnar?
- Hvernig er söguþráðurinn?
- Hvað fannst ykkur fyndið?
- Hvað var mest spennandi?

Ræðið merkingu gulu orðanna og reynið síðan að finna dæmi úr sögunni um að:

- Ísold sé hugrökk
- Steina sé eigingjörn
- Þór sé úrræðagóður
- Gulli sé hvatvís

Skrímslið í Skóginum

Ísold, Steina og Þór lenda
í kapphlaupi við tímann.

Geta þau bjargað vini sínum
Gulla áður en ský dregur fyrir tungl
og hann breytist í skrímsli
AÐ EILÍFU?

Þórey Mjallhvít H. Ómarsdóttir

Kraftar krakkar

ISBN-13: 978-9979-0-2445-3
9 789979 024453

MENNTAMÁLASTOFNUN
40631